

Alþjóðlega Bandýsambandið

Leikreglur fyrir innibandý

Reglur og túlkanir

Gildir frá 1. júlí 2006

Alþjóðlega Bandýsambandið, nefnd um leikreglur og keppni.

© Alþjóðlega Bandýsambandið 2006.
Allur réttur áskilinn

Teikningar: Anna Eriksson

Innihald

Formáli	5	FÖST LEIKATRIÐI	16
Leikskilmálar	6	501 Almennar reglur um föst leikatriði.....	16
1 Völlurinn	7	502 Einvígi.....	16
101 Vallarstærðir.....	7	503 Atvik sem leiða til einvígis.....	17
102 Vallarmerkingar.....	7	504 Innslag.....	18
103 Mörk.....	7	505 Atvik sem leiða til innslags.....	18
104 Skiptisvæði.....	7	506 Fríslag.....	18
105 Ritari og refsibekkir.....	8	507 Atvik sem leiða til fríslags.....	19
106 Skoðun leikvallar.....	8	508 Vítaskot.....	22
2 Leiktíminn	9	509 Seinkað vítaskot.....	23
201 Venjulegur leiktími.....	9	510 Brot sem leiða til vítaskots.....	23
202 Leikhlé.....	9	6 Refsingar	24
203 Framlenging.....	10	601 Almennar reglur um refsingar.....	24
204 Vítaskotskeppni eftir 10 mínútna framlengingu.....	10	602 Brottvísun.....	25
3 Þátttakendur	11	603 2 mínútna brottvísun.....	26
301 Leikmenn.....	11	604 Seinkuð refsing.....	27
302 Skipting leikmanna.....	11	605 Brot sem leiða til 2 mínútna brottvísana.....	28
303 Sérreglur er varða markmenn.....	11	606 5 mínútna brottvísun.....	30
304 Sérreglur er varða fyrirliða.....	11	607 Brot sem leiða til 5 mínútna brottvísana.....	31
305 Starfsmenn liða.....	12	608 Persónuleg refsing.....	31
306 Dómarar.....	12	609 10 mínútna persónulegt refsing.....	31
307 Ritari.....	12	610 Brot sem leiða til 2 mínútna brottvísana + 10 mínútna persónulegra refsinga.....	32
4 Búnaður	13	611 Brottvikning.....	32
401 Klæðnaður leikmanna.....	13	612 Brottvikning 1.....	32
402 Klæðnaður dómara.....	13	613 Brot sem leiða til brottvikningar 1.....	32
403 Sérbúnaður markmanna.....	13	614 Brottvikning 2.....	33
404 Sérbúnaður fyrirliða.....	13	615 Brot sem leiða til brottvikningar 2.....	33
405 Persónulegur búnaður leikmanns.....	14	616 Brottvikning 3.....	34
406 Knöttur.....	14	617 Brot sem leiða til brottvikningar 3.....	34
407 Kylfa.....	14	618 Refsingar í tengslum við vítaskot.....	34
408 Búnaður dómara.....	15	7 Mörk	35
409 Búnaður ritara.....	15	701 Lögleg mörk.....	35
410 Stjórnun búnaðar.....	15	702 Löglega skoruð mörk.....	35
		703 Ólögleg mörk.....	35
		8 BENDINGAR DÓMARA (801-811)	37
		9 BENDINGAR UM BROT (901-925)	41
		10 Teikning af velli	50

Formáli

Þessi útgáfa af leikreglum var gefin út í september 2005.

Við teljum að nýr áfangi hafi náðst með þessari útgáfu af leikreglum í innibandý. Þrátt fyrir það, erum við meðvituð um það að enn eru gallar og smugur sem þarf að leiðrétta áður en við finnum út hinar 'fullkomnu' reglur.

Við hvetjum alla sem taka þátt í leiknum til að lesa reglurnar til hins ítrasta. Mikilvægt er að innibandý sé skemmtilegt, öruggt og leikið á heiðarlegan máta. Mikilvægt er einnig að leikmenn, þjálfarar, áhorfendur og fjölmiðlar skilji leikinn á einfaldan hátt.

Við yrðum þakklát fyrir uppástungur, hugmyndir eða uppbyggilega gagnrýni sem mun hjálpa okkur í þróunarvinnunni. Það er ljóst að reglurnar munu taka stöðugum breytingum í takt við þróun leikstíls.

Takið eftir að reglurnar gilda jafnt fyrir kvenna- og karlmannsbandý á öllum stigum keppni. Reglurnar eru settar fram í karlkyni einungist til að gæta þess að textinn sé framsettur á sem einfaldastan hátt.

Til að bæta og einfalda textann hafa verið gerðar miklar breytingar á því hvernig lögin eru orðuð. Nokkrar aðrar breytingar eru til útskýringar á lögunum og voru ekki í 2002 útgáfunni. Við vonum að þessar breytingar séu lausnir með skynseminu að leiðarljósi.

Ef þið hafið uppástungur varðandi breytingar eða bætingar á lögunum, eða ef þið hafið fyrirspurnir varðandi endurprentanir, vinsamlegast sendið þær þá á:

International Floorball Federation/Technical Department
Box 1047
SE-171 21 Solna, Sweden

Fax: +46-8 82 22 14
E-mail: kratz@floorball.org

September 2005

The Rules and Competition Committee (RACC)
Renato Orlando
Chairman

(Innskot þýðanda): Þýðandi: Íris Björk Eysteinsdóttir, ágúst 2006

LEIKSKILMÁLAR

Innibandý skal leikið sem kappleikur milli tveggja liða. Markmið leiksins er að skora fleiri mörk en andstæðingurinn, innan marka leikreglanna.

Helst á að leika bandý innandyra á hörðu og jöfnu undirlagi sem samþykkt er af Bandýnefnd ÍSÍ.

1 LEIKVÖLLURINN

101 Vallarstærð

- 1) Leikvöllurinn skal vera 40 m x 20 m. Hann skal vera lokaður af með böttum í kringum völlinn með bogadregnum hornum, sem samþykkt eru af IFF (Alþjóða Bandýsambandinu) og merkt í samræmi við það.
Leikvöllurinn skal vera rétthyrndur þar sem uppgefnar mælingar gefa til kynna lengd x breidd. Minnsti leyfilegi leikvöllurinn er 36 m x 18 m, og sá stærsti 44 m x 22 m.

102 Merking vallar

- 1) Leikvöllurinn skal merktur með línunum í vel greinanlegum lit sem eru 4-5 cm á breidd.
- 2) Miðlína og miðpunktur skulu merkt.
Miðlínan er samsíða endalínu og skiptir leikvellinum í tvo jafna helminga.
- 3) Markteigur er 4 m x 5 m og skal vera merktur 2,85 m frá endalínunum.
Markteigurinn skal vera rétthyrndur og mælingarnar gefa til kynna lengd x breidd að línunum meðtöldum. Markteigar skulu vera staðsettir mitt á milli hliðarlínanna tveggja.
- 4) Markmannssvæðið er 1 m x 2,5 m á stærð og er merkt 0,65 m fyrir framan aftari mörk markteigs.
Markmannssvæðið er rétthyrnt og mælingarnar gefa til kynna lengd x breidd að línunum meðtöldum. Markmannssvæðið skal vera staðsett mitt á milli hliðarlínanna tveggja.
- 5) Aftari línur markmannssvæðanna eru marklínur. Merkingar fyrir markstangir skulu vera á aftari línu markmannssvæðanna og er vegalengdin milli merkinganna 1,6 m.
Marklínur skulu vera staðsettar mitt á milli hliðarlínanna tveggja. Merkingar fyrir markstangir koma lóðrétt á aftari línur markmannssvæðanna, merktar með stuttum línunum.
- 6) Einvígispunktar skulu merktir á miðlínu og á ímyndaða framlengingu marklínanna, 1.5 m frá hliðarlínunum.
Einvígispunktar skulu merktir með krossi. Einvígispunktar á miðlínu mega vera ímyndaðir.

103 Mörk

- 1) Mörk, viðurkennd af IFF og merkt samkvæmt því, skulu staðsett með stöngum á merktum línunum.
Opni hluti markanna skal snúa að miðpunkti vallarins.

104 Skiptisvæði

- 1) 10 metra skiptisvæði skal merkt meðfram hliðarlínu vallarins, 5 m frá miðlínu. Innan þess svæðis skulu varamannabekkir vera.
Skiptisvæði skal merkt báðum megin battanna. Breidd skiptisvæðis má ekki fara yfir 3 metra og er mælt frá batta. Varamannabekkir skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá batta og rúma 19 manns hvort.

1 LEIKVÖLLURINN

105 Ritaraborð og refsibekkir

- 1) Ritaraborð og refsibekkir skulu staðsettir á móti varamannasvæðum við miðlínu.
Ritaraborðið og refsibekkir skulu staðsettir í öruggri fjarlægð frá böttum. Það skulu vera sér refsibekkir fyrir hvort lið, sitthvoru megin við ritaraborðið. Það skal vera pláss fyrir tvo leikmenn á hvorum refsibekk fyrir sig. Bandínefnd ÍSÍ má veita undanþágur á staðsetningu ritaraborðs og refsibekkjja..

106 Skoðun leikvallar

- 1) Dómarar skulu skoða leikvöllinn tímanlega fyrir leik og láta leiðrétta þá galla sem ekki eru samkvæmt reglum.
Allir gallar skulu tilkynntir. Það lið sem sér um framkvæmd leiks ber ábyrgð á því að allir gallar leikvallarins séu leiðréttil. Það sér einnig um að battar séu í lagi. Hættulegir hlutir skulu færðir eða klæddir með mjúkri klæðingu.

2 LEIKTÍMI

201 Venjulegur leiktími

- 1) Venjulegur leiktími skal vera 3 x 20 mínútur með tveimur 10 mínútna hléum og þá skipta lið um vallarhelming.
Undanþága fyrir styttri leiktíma, þó ekki styttri en 2 x 15 mínútur, er leyfð aðeins með samþykki Bandynefnd ÍSÍ. Þegar lið skipta um vallarhelming skulu þau einnig skipta um skiptisvæði. Heimaliðið velur sér vallarhelming áður en leikur hefst. Hver leikhluti hefst með einvígi á miðjuhringnum. Í lok hvers leikhluta ber ritari ábyrgð á því að gefa hljóðmerki, nema það gerist sjálfkrafa. Hléin milli leikhluta standa yfir í 10 mínútur sem byrja að telja um leið og hverjum leikhluta lýkur. Liðin eru sjálf ábyrg fyrir því að vera komin aftur á leikvöllinn á réttum tíma áður en næsti leikhluti hefst. Ákvarði dómari að annar helmingur vallarins sé betri en hinn skulu liðin skipta um vallarhelming um miðjan þriðja leikhluta, en þetta skal ákveðið áður en þriðji leikhluti hefst. Gerist þetta þá hefst leikur á miðjupunkti með einvígi eftir að leikmenn hafa skipt um leikhelming.
- 2) Leiktími skal vera virkur.
Virkur leiktími merkir að hvenær sem leikur er stöðvaður af dómara skal tíminn stöðvaður og hann hefst aftur þegar knettinum er leikið. Þegar leikur truflast af óvenjulegum aðstæðum skal alltaf gefa þrefalt merki. Dómari ákveður hvað telst til óvenjulegrar truflunar, en með talið er ávallt: skemmdur knöttur, brotinn batti, meiðsli, mæling búnaðar, ólöglegar manneskjur eða hlutir á leikvöllinum, minnkun eða slökkun ljósa og þegar lokaflautið hljómar á röngum tíma. Brotni batti, skal ekki stöðva leik fyrir en hann nálgast skemmda svæðið. Meiðist leikmaður skal aðeins stöðva leikinn ef grunur leikur á um alvarleg meiðsli eða þá að meiddi leikmaðurinn hefur bein áhrif á leikinn. Bandynefnd ÍSÍ má veita undanþágur til að nota óvirkan tíma, en þá stöðvast leiktími aðeins þegar: mark er skorað, dæmd er refsing á leikmann, við vítaskot, við leikhlé eða við þrefalt merki dómara vegna óvenjulegrar truflunar. Síðustu þrjár mínútur venjulegs leiktíma skulu þó alltaf hafa virkan leiktíma. Leiktími skal stöðvaður á meðan vítaskot er tekið.

202 Leikhlé

- 1) Meðan á venjulegum leiktíma stendur hefur hvort lið rétt til þess að taka eitt leikhlé. Gefið er þrefalt merki til að láta vita af leikhléi um leið og leikur er stöðvaður.
Lið má óska eftir leikhléi hvenær sem er í leiknum, þar með talið þegar mörk eru skoruð og vítaskot tekin. Aðeins fyrirliði eða starfsmaður liðs getur óskað eftir leikhléi. Sé óskað eftir leikhléi á meðan leiktími er stöðvaður skal leikhléið tekið strax, en telji dómari leikhléið hafa slæm áhrif á hitt liðið þarf að bíða með að taka leikhlé þar til leiktími er næst stöðvaður. Sé óskað eftir leikhléi verður alltaf að taka það, nema þegar mark er skorað, en þá má lið draga ósk sína um leikhlé til baka. Leikhlé hefst þegar dómari gefur um það merki þegar liðin eru við skiptisvæði sín og dómara við ritaraborðið. Annað merki er gefið eftir 30 sekúndur til að láta vita að leikhléinu sé lokið. Að loknu leikhléi, skal halda leik áfram frá því sem frá var horfið þegar leiktíminn var stöðvaður. Leikmaður sem tekur út refsingu má ekki taka þátt í leikhléi.

2 LEIKTÍMI

203 Framlenging

- 1) Endi leikur sem nauðsynlega þarf að fá niðurstöðu í með jafntefli skal grípa til framlengingar þar til annað liðið skorar.
Áður en framlenging hefst hafa liðin rétt á 2 mínútna hléi, en ekki skal skipta um vallarhelming. Sömu reglur um stöðvun leiktíma gilda og í venjulegum leiktíma. Framlenging skiptist ekki í leikhluta. Sé leikmaður ennþá að taka út refsingu eftir að venjulegum leiktíma lýkur skal hann ljúka við að taka út refsingu sína í framlengingunni. Bandýnefnd ÍSÍ má gefa undanþágu um að takmarka lengd framlengingar við 10 mínútur. Sé staðan jöfn eftir 10 mínútna framlenginguna skal niðurstaða fengin með vítaskotskeppni.

204 Vítaskotskeppni að lokinni 10 mínútna framlengingu

- 1) Fimm útileikmenn úr hvoru liði skulu taka eitt vítaskot hver. Sé staðan enn jöfn eftir það skulu sömu leikmenn taka eitt vítaskot hver þar til úrslit hafa náðst.
*Liðin taka vítaskot til skiptis. Dómari ákveður hvort markið skuli notað. Dómari varpar hlutkesti með fyrirlíðum til að ákveða hvort liðið tekur fyrsta vítaskotið. Fyrirlíðinn eða starfsmaður liðsins skal afhenda dómara eða ritara skriflega númer þeirra leikmanna sem taka vítaskotin og í hvaða röð þau verða tekin. Dómari er ábyrgur fyrir því að vítaskotin séu tekin í nákvæmlega réttri röð samkvæmt skriflegri beiðni liðsins.
Um leið og niðurstaða hefur náðst úr vítaskotskeppninni er leiknum lokið og sigurliðið hefur sigrað með einu auka marki. Vítaskotskeppninni lýkur þegar annað liðið er fleiri mörkum yfir heldur en fjöldi vítaskota sem hitt liðið á eftir að taka. Fari vítaskotskeppnin í bráðabana hefur það lið sigrað sem hefur skorað einu marki meira en hitt liðið þegar bæði lið hafa tekið jafn mörg vítaskot. Vítaskotin í bráðabananum þurfa ekki að vera tekin í sömu röð og í vítaskotskeppninni, en leikmaður skal ekki taka sitt þriðja vítaskot fyrr en allar fimm vítaskytturnar í hans liði hafa tekið a.m.k. tvö vítaskot og svo framvegis.
Leikmaður sem dæmdur var í refsingu fyrir lok leiksins má taka þátt í vítakeppninni hafi hann ekki fengið brottvikningu. Fáir vítaskytta á sig refsingu meðan á vítakeppni stendur, skal fyrirlíði annan útileikmann í hans stað. Hljóti markvörður brottvísun meðan á vítakeppni stendur skal varamarkvörður taka hans stöðu. Ef enginn varamarkvörður er til staðar þá hefur liðið hámark 3 mínútur að útbúa útileikmann sem markmann, en sá leikmaður má ekki vera einn af vítaskyttunum. Engum tíma af þessum 3 mínútum má verja í upphitun. Skrá skal hinn nýja markmann á leikskýrsluna og tíminn sem hann tók stöðu markvarðar skal skráður. Hafi lið ekki 5 útileikmenn til að taka vítaskot má liðið aðeins taka jafn mörg vítaskot og fjöldi leikmanna segir til um. Þetta á einnig við um bráðabana, komi til hans.*

3 ÞÁTTTAKENDUR

301 Leikmenn

- 1) Hvort lið má nota 20 leikmenn að hámarki. Þeir skulu allir skráðir á leikskýrsluna.
Leikmenn eru annað hvort útileikmenn eða markmenn. Aðeins leikmenn á leikskrá mega taka þátt í leiknum og vera inná skiptisvæðum.
- 2) Hámark 6 leikmenn mega vera inná í hvoru liði meðan á leik stendur og þar af aðeins einn markvörður.
Til að dómari geti hafið leik skal hvort lið skipað að minnsta kosti 5 útileikmönnum og rétt útbúnum markverði, ellegar dæmist hinu löglega skipaða liði 5:0 sigur. Meðan á leik stendur skal hvort lið skipað að minnsta kosti fjórum leikmönnum, ef ekki þá skal leikur stöðvaður og hinu löglega skipaða liði dæmist 5:0 sigur. Sé staða leiksins hagstæðari en það fyrir löglega liðið, þá skal sú staða verða úrslit leiksins.

302 Innáskiptingar varamanna

- 1) Innáskiptingar varamanna geta farið fram hvenær sem og fjöldi innáskiptinga er ótakmarkaður á meðan leik stendur.
Allar skiptingar skulu fara fram á skiptisvæði þess liðs sem skiptir inná. Leikmaður sem fer útaf þarf að vera á leið yfir batta áður en varamaðurinn má fara inná. Ef leikmaður meiðist og fer útaf annars staðar en á skiptisvæði má varamaður ekki koma í hans stað fyrr en leikur hefur verið stöðvaður.

303 Sérreglur er varða markmenn

- 1) Merkt skal sérstaklega við markverði í leikskýrslu.
Á leikskýrslu skal merkja stafinn "M" á spássíunni við nafn markmanns. Leikmaður sem er sérstaklega merktur sem markmaður má ekki taka þátt í leiknum sem útileikmaður, með kylfu, í viðkomandi leik. Þurfi lið að setja útileikmann í markið sökum meiðsla eða brottvísana hefur liðið hámark 3 mínútur til að útbúa markmanninn á lögmetan hátt, og má ekki nota neitt af þeim tíma til upphitunar. Hinn nýi markmaður skal merktur sérstaklega á leikskýrslu og tíminn sem skiptin áttu sér stað skulu skráð.
- 2) Yfirgefi markmaður markteig sinn meðan á leik stendur skal hann álitinn útileikmaður án kylfu þar til hann snýr aftur í markið.
Þessi regla er ekki í gildi þegar markmaður kastar út. Markmaðurinn er álitinn hafa algerlega yfirgefið markteiginn þegar enginn hluti líkama hans snertir gólfíð innan markteigsins. Markmaðurinn má þó stökkva innan markteigsins. Línurnar teljast sem hluti af markteignum.

304 Sérreglur er varða fyrirliða

- 1) Hvort lið skal hafa fyrirliða sem er merktur sérstaklega á leikskýrslu.
Á leikskýrslu skal merkja stafinn "F" á spássíunni við nafn fyrirliðans. Einungis má skipta um fyrirliða vegna meiðsla, veikinda, eða refsingar og skal skrá tímenn sem það gerist á leikskýrslu. Ef skipt er um fyrirliða má sá sem var upprunalega fyrirliði ekki verða aftur fyrirliði í leiknum.

3 ÞÁTTAKENDUR

304 Sérreglur er varða fyrirliða (framhald)

- 2) Fyrirliðinn er eini leikmaður liðsins sem hefur leyfi til að ræða við dómara. Honum ber einnig skylda til að hjálpa dómurum.
Þegar fyrirliði ræðir við dómara skal það einungis gert við ákveðnar aðstæður. Sé fyrirliða vikið af leikvelli missir hann rétt sinn til að tala við dómara, nema að þeir óski eftir því eða þegar starfsmaður liðsins óskar eftir leikhléi. Enginn annar í liðinu hefur rétt til að tala við dómara.

305 Starfsmenn liðs

- 1) Hvert lið má skrá í mesta lagi fimm starfsmenn á leikskýrslu.
Aðeins þeir sem eru skráðir á leikskýrslu hafa leyfi til að vera á skiptisvæði. Í leikhléi þarf starfsmaður að fá sérstakt leyfi hjá dómurum til að koma inná völlinn. Þjálfarar koma öllum skilaboðum áleiðis frá skiptisvæðum. Fyrir leik skrifar einn starfsmaður liðs undir leikskýrslu og eftir það má ekki gera neinar breytingar á skýrslunni. Sé starfsmaður liðs einnig skráður sem leikmaður skal hann alltaf fyrst álitinn leikmaður ef upp koma atriði sem skapa óvissu um leikbrot á skiptisvæði.

306 Dómarar

- 1) Tveir dómarar sem hafa jafn mikil völd stjórna hverjum leik.
Dómarar hafa rétt til þess að stöðva leik ef augljós áhætta sé að halda honum áfram samkvæmt reglunum.

307 Ritari

- 1) Ritari skal vera til staðar.
Ritari skal vera hlutlaus og hann ber ábyrgð á leikskýrslu, tímatöku og að tala í hljóðnema.

4 BÚNAÐUR

401 Klæðnaður leikmanna

- 1) Allir útileikmenn skulu klæðast búningum sem samastanda af treyju, stuttbuxum og háum sokkum.
Allir útileikmenn sama liðs skulu vera í nákvæmlega eins búningum. Liðsbúningur hvers liðs má vera samsettur úr hvaða litum sem er en treyjan skal ekki vera grá. Ákveði dómari að hann geti ekki greint á milli liða því þau séu í of líkum búningum skal gestaliðið skipta um búning. Sokkar eiga að vera upp að hnjám, báðir alveg eins og liðin tvö sem keppa eiga að vera í ólíkum litum, þ.e. sé það ákveðið af Bandynefnd ÍSÍ.
- 2) Allir markmenn skulu klæðast treyjum og síðbuxum.
- 3) Númer skal vera á öllum treyjum.
Hver treyja skal auðsjáanleg og merkt með fylltum, heilum tölustöfum á baki og bringu. Talan á bakinu skal vera a.m.k. 200 mm há og talan á bringunni a.m.k. 70 mm há. Allar tölur frá 1-99 eru löglegar, en útileikmaður má ekki vera númer 1.
- 4) Allir leikmenn verða að vera í skóm.
Skórnir eiga að vera innanhússípróttaskór. Bannað er að klæðast sokkum utan yfir skó. Missi leikmaður annan eða báða skóna meðan á leik stendur má hann halda áfram þar til leikur stöðvast næst.

402 Klæðnaður dómara

- 1) Dómarar skulu klæðast treyjum, svörtum stuttbuxum og svörtum uppháum sokkum.
Báðir dómaramir skulu vera eins klæddir.

403 Sérbúnaður markmanna

- 1) Markmaður má ekki nota kylfu.
- 2) Markmaðurinn skal hafa andlitsgrímu sem er samþykkt af IFF og merkt sem slík.
Þetta á aðeins við um það þegar markmaður er á vellinum og leikur í gangi. Bannað er að eiga við eða breyta grímunum, en leyfilegt er að mála þær.
- 3) Markmaðurinn má nota hvernig varnarklæðnað sem er en honum má ekki vera ætlað að fylla upp í markið.
Hjálmar og þunnir hanskar eru leyfilegir. Búnaður sem inniheldur lím eða efni sem gefa betra grip eru bönnuð. Enga hluti má geyma ofan á eða inni í markinu.

404 Sérútbúnaður fyrirliða

- 1) Fyrirliðinn skal bera fyrirliðaband.
Fyrirliðinn skal bera fyrirliðaband á vinstri handlegg og skal það vera vel sýnilegt. Íþróttateip eða límband má ekki nota sem fyrirliðaband.

4 BÚNAÐUR

405 Persónulegur búnaður leikmanns

- 1) Leikmaður má ekki nota persónulega muni sem gætu orsakað meiðsli.
Persónulegir munir eru varnarbúnaður og búnaður notaðu af læknisfæðilegri ástæðu, úr, eyrnalokkar o.s.frv. Dómarar ákveða hvað þeir telja hættulegt. Allur varnarklæðnaður skal vera innanundir búningi ef mögulegt er. Undantekning á því eru teygjuhárbönd án hnúta, annars er höfuðbúnaður bannaður. Sokkabuxur eða þröngar síðbuxur eru ekki leyfilegar hjá útileikmönnum.

406 Knöttur

- 1) Knötturinn skal vera samþykktur af IFF og merktur samkvæmt því.

407 Kylfa

- 1) Kylfan skal vera samþykkt af IFF og merkt samkvæmt því
Bannað er að eiga við, eða breyta kylfunni, en leyfilegt er að stytta hana. Leyfilegt er að vefja kylfuna ofan við griplínu, en ekki má hylja alþjóða merkingar.
- 2) Blaðið má ekki vera beitt og sveigja þess má ekki fara yfir 30 mm.
Bannað er að eiga við, eða breyta blaðinu, nema sveigja það. Sveigjan skal mæld á milli hæstu brúnar að innan og jafna endans sem nemur við gólf. Leyfilegt er að skipta um blað, en það má ekki veikja nýja blaðið. Það má teipa skaft og blað saman, en ekki meira en 10 mm af því sem er sýnilegt af blaðinu skal hulið.

4 BÚNAÐUR

408 Búnaður dómara

- 1) Dómarar skulu hafa meðalstórar plastflautur, málband og rauð spjöld.
Bandýnefnd ÍSÍ má gefa undanþágur vegna öðrúvísi flauta.

409 Búnaður ritara

- 1) Ritarar skulu hafa allan búnað sem er nauðsynlegur fyrir starfsskyldur þeirra.

410 Stjórnun búnaðar

- 1) Dómarar skulu sjá um að skoða hvort búnaður sé löglegur og mæla hann.
Skoðun búnaðar skal fara fram fyrir leik og á meðan leik stendur. Ólöglegur búnaður, gallaðar kyllur þar með taldar þær sem uppgötvast fyrir leik skal leikmaður sjá um að laga og má hann hefja leikinn þegar því er lokið. Undanþága á þessu er veitt þegar um minniháttar galla að ræða (t.d. lítil göt, eða málning, sem leikmaður skal laga og halda svo leik áfram) og persónulegan útbúnað. Allur ólöglegur búnaður sem uppgötvast meðan á leik stendur leiðir til refsingar. Brot á reglum um búninga og fyrirliðaband getur aðeins valdið einni refsingu á hvert lið í hverjum leik. Samt sem áður skal tilkynna allan ólöglegan búnað. Engir aðrir en leikmenn sem eru með ólöglegan búnað og fyrirliði mega vera við ritaraborð meðan á mælingu stendur. Eftir mælinguna heldur leikur áfram þar sem frá var horfið.
- 2) Fyrirliði má óska eftir mælingu á sveigju.
Fyrirliðinn hefur einnig rétt á að benda dómara á það sem er ólöglegt í búningum andstæðinganna, en dómarar ákveða hvort þeir geri eitthvað í því. Óska má eftir mælingu hvenær sem er, en hún skal ekki eiga sér stað fyrr en leikur stöðvast næst. Sé óskað eftir mælingu á meðan leikur er stöðvaður skal framkvæma hana án tafar, þar með talið við mörk og vítaskot, nema að dómarar álíti sem svo að það hafi neikvæð áhrif á aðstæður liðsins sem mælt er hjá. Í slíku tilviki skal mælingin fara fram næst þegar leikur stöðvast. Dómurum ber skylda að athuga sveigju óski fyrirliði eftir því, en aðeins ein mæling er leyfð á lið í hvert skipti sem leikur stöðvast. Engir aðrir en fyrirliðar og sá leikmaður sem á búnað sem verið er að mæla mega vera við ritaraborðið meðan á mælingu stendur. Eftir mælinguna skal halda leik áfram þar sem frá var horfið.

5 FÖST LEIKATRIÐI

501 Almennar reglur um föst leikatriði

- 1) Þegar leikur hefur verið stöðvaður skal hefja hann að nýju með föstu leikatriði, samkvæmt því hvað það var sem olli stöðvun leiksins.
Föst leikatriði eru einvígi, innslög, fríslög og vítaskot.
- 2) Dómari skal flauta einu sinni og sýna merki um það hvaða fasta leikatriði verður notað og sýna staðinn sem það fer fram á. Leika má knettinum eftir flautið ef hann er kyrrstæður og á réttum stað.
Dómarar skulu fyrst sýna bendingar um föst leikatriði sem koma upp í leik og síðan mögulega bendingu um brot. Merkið um brot skal einungis notað sé það talið nauðsynlegt, en þó alltaf í tengslum við refsingar og vítaskot. Boltinn þarf ekki að vera algerlega kyrr, né á nákvæmlega réttum stað í innslagi og fríslagi telji dómara það ekki hafa áhrif á leikinn.
- 3) Fast leikatriði má ekki tefjast óeðlilega lengi.
Dómarar ákveða hvað telst óeðlileg seinkun. Sé fast leikatriði tafið, skulu dómara láta leikmanninn vita áður en þeir dæma á það ef það er mögulegt.

502 Einvígi (802)

- 1) Í upphafi hvers leikhluta og til að staðfesta að mark hafi verið löglega skorað skal einvígi fara fram á miðpunktum vallarins.
Mark sem skorað er í framlengingu eða úr vítaskoti eftir leikhluta, eða þegar leik lýkur skal ekki staðfesta með einvígi. Hvort lið skal vera á sínum vallahelmingi þegar einvígi á sér stað.
- 2) Þegar leikur hefur verið stöðvaður og hvorugt lið á rétt á innslagi, fríslagi eða vítaskoti skal hefja leik að nýju með einvígi.
- 3) Einvígi skal fara fram á þeim einvígispunkti sem var næstur boltanum þegar leikur var stöðvaður.
- 4) Allir leikmenn, fyrir utan þá sem taka þátt í einvíginu skulu samstundis færa sig og kylfur sínar 3 metra frá boltanum, án þess að dómari þurfi að minna þá sérstaklega á það.
Dómarinn tekur ábyrgð á því að athuga hvort lið séu tilbúin og að allir leikmenn séu í réttum stöðum áður en einvígi fer fram.
- 5) Einn útileikmaður í hvoru liði tekur þátt í einvíginu.
Leikmenn skulu snúa að endalínu mótherja sinna og mega ekki snertast áður en einvígið hefst. Fætur leikmannanna skulu vera hornrétt á miðlínu. Hvor leikmaður skal hafa báða fætur í sömu fjarlægð frá miðlínu. Leikmenn skulu halda á kylfu með venjulegu gripi og með báðum höndum ofan griplínu. Kylfublöðin eiga að vera hornrétt á miðlínu hvoru megin knattarins án þess að snerta hann.
Venjulegt grip er gripið sem leikmaður notar í leik. Leikmaður liðsins sem er að verjast velur hvoru megin við knöttinn hann setur kylfu sína. Sé einvígið við miðlínu velur leikmaður gestaliðsins hvoru megin við knöttinn hann setur kylfu sína. Knötturinn skal vera mitt á milli kylfublaðanna. Hlýði leikmaður sem tekur þátt í einvígi ekki leiðbeiningum dómara tekur annar leikmaður á vellinum þátt í einvíginu í hans stað. Sé deila um skiptingu varamanna áður en einvígi er tekið, ber gestaliði skylda að klára sína skiptingu fyrst.
- 6) Knöttur úr einvígi má fara beint í mark.

5 FÖST LEIKATRIÐI

503 Atvik sem leiða til einvígis

- 1) Þegar knöttur er óvart skemmdur.
- 2) Þegar ekki er hægt að leika knetti á löglegan hátt.
Dómarar skulu gefa leikmönnum hæfileg tækifæri á að leika knettinum áður en þeir stöðva leik.
- 3) Þegar hlutar af batta hafa brotnað, eða dottið í sundur og knötturinn er nálægt hættustaðnum.
- 4) Þegar mark er óvart hreyft og ógerlegt er að færa það aftur á réttan stað innan skynsamlegra tímamarka.
Það er ábyrgð markmanns að setja markið aftur á sinn stað um leið og mögulegt er.
- 5) Þegar alvarleg meiðsli eiga sér stað eða þegar meiddur leikmaður hefur bein áhrif á leikinn.
Dómarar ákvarða hvað er álitnið alvarleg meiðsli, en um leið og grunur liggur á um alvarleg meiðsli skal leikur stöðvaður samstundis.
- 6) Þegar óeðlilegar aðstæður koma upp meðan á leik stendur.
Dómarar ákveða hvað teljast vera óvæntar aðstæður, en það teljast alltaf óvæntar aðstæður ef ólöglegar manneskjur, eða hlutir eru á leikvelli, ljós slokkna að hluta til eða alveg og ef lokaflautið hljómar óvart, eða þegar dómari verður fyrir boltanum og það hefur mikilvæg áhrif á leikinn.
- 7) Þegar mark er dæmt ógilt þrátt fyrir að ekkert brot hafi verið framið sem leiddi til fríslags.
Þar með talið þegar boltinn fer inn í markið án þess að fara yfir marklínu að framanverðu.
- 8) Þegar ekki er skorað úr vítaskoti.
Þar með talið ef vítaskot er rangt tekið.
- 9) Þegar seinkuð refsing er tekin vegna þess að liðið sem braut af sér hagnast á því og fær boltann.
Þar með talið þegar liðið sem brotið var á er að hefja að álitni dómara.
- 10) Þegar refsing er dæmd fyrir brot sem er ekki í tengslum við leikinn, en er framið eða eftir því er tekið á meðan leik stendur.
Þar með talið þegar leikmaður sem var að taka út refsingu kemur inná völlinn áður en hann er búinn að taka út refsingu sína.
- 11) Þegar dómarar geta ekki ákveðið hvort liðið á innslag eða fríslag.
Þar með talið þegar leikmenn frá báðum liðum brjóta af sér samtímis.
- 12) Þegar dómarar hafa tekið ranga ákvörðun.

5 FÖST LEIKATRIÐI

504 Innslag (803)

- 1) Þegar annað liðið setur knöttinn út fyrir völlinn fær hitt liðið innslag.
Leikmaður eða búnaður leikmanns sem síðast snerti knöttinn áður en hann fór útaf telst vera í liðinu sem setur knöttinn útaf. Þar með talið þegar leikmaður slær í marknetið án þess að snerta knöttinn, til að taka knöttinn úr markinu.
- 2) Innslag skal tekið þaðan sem boltinn fór útfyrir línuna, 1,5 m frá batta, en aldrei aftan við ímyndaða framlengingu marklína.
Knötturinn þarf ekki endilega vera alveg kyrrstæður eða á nákvæmlega réttum stað sé það álit dómarsins að það hafi ekki áhrif á leikinn. Ef lið hagnast á því að taka innslag nær batta en 1,5 m skal leyfa það. Innslag frá ímyndaðri framlengingu marklínu skal tekið á næsta návígispunkti. Þegar knöttur snertir loftið eða hluti ofan við völlinn, skal innslag tekið 1,5 m frá batta í sömu fjarlægð frá miðlínu.
- 3) Leikmenn liðsins sem er að verjast (liðið sem ekki á innslagið) skulu samstundis færa sig og kylfu sína a.m.k. 3 m frá knettinum án þess að dómari þurfi að árétta það.
Leikmaðurinn sem tekur innslagið þarf ekki að bíða eftir að andstæðingur taki stöðu sína (nógu langt frá), en taki leikmaður innslag á meðan andstæðingur er að reyna að fara á réttan stað (að taka stöðu sína) skal leikur halda áfram.
- 4) Leika skal boltanum með kylfunni. Boltanum skal leikið hreint, en ekki skal draga boltann, lyfta honum upp eða setja hann ofan á kylfuna.
- 5) Leikmaður sem tekur innslagið má ekki snerta knöttinn aftur fyrr en annar leikmaður, eða útbúnaður annars leikmanns hefur snert hann.
- 6) Skora má beint úr innslagi.

505 Atvik sem leiða til innslags

- 1) Þegar knötturinn fer yfir/framhá batta, í loftið eða í hlut ofan við völlinn.

506 Fríslag (804)

- 1) Þegar brot á sér stað sem leiðir til fríslags fær liðið sem brotið var á fríslag.
Beita skal hagnaðarreglu ef mögulegt er þegar brot eru framin sem leiða til fríslags. Hagnaðarreglan felur það í sér að haldi liðið sem brotið var knettinum eftir brotið skulu leikmenn fá tækifæri til að leika áfram, ef það gefur þeim betri stöðu heldur en fríslag hefði gert. Sé hagnaðarreglunni beitt og síðan leikur stöðvaður þar sem liðið sem brotið var á tapar knettinum, skal fríslagið fara fram þar sem upprunalega brotið átti sér stað.

5 FÖST LEIKATRIÐI

506 Fríslag (framhald)

- 2) Fríslag skal tekið þar sem brot fór fram en aldrei aftan við ímyndaða framlengingu marklína, eða nær markmannssvæði en 3,5 m.
Knötturinn þarf ekki endilega að vera alveg kyrrstæður eða á nákvæmlega réttum stað telji dómari það ekki hafa áhrif á leik. Fríslag sem er nær battanum en 1,5 m má færa út í þá fjarlægð frá battanum. Fríslag aftan við ímyndaða framlengingu marklína skal tekið á næsta návígispunkti. Fríslag sem er nær markmannssvæði en 3,5 m skal færa í þá fjarlægð á ímyndaða línu frá miðri marklínu í gegnum það svæði þar sem brotið var framið. Þegar þetta gerist á varnarliði alltaf rétt á því að mynda varnarvegg rétt utan við markmannssvæðið. Komi sóknarlið í veg fyrir þetta, eða truflar þetta, skal varnarliðið fá fríslagið. Sóknarliði ber ekki skylda til að biða eftir að varnarliðið myndi varnarvegg og má einnig staðsetja sína menn fyrir framan varnarvegginn.
- 3) Varnarliðið skal samstundis færa sig 3 m frá boltanum, ásamt kylfum án þess að dómari þurfi að áréttta það.
Leikmaðurinn sem tekur fríslagið þarf ekki að biða eftir að andstæðingarnir taki sér stöðu, en sé knettinum leikið á meðan andstæðingar eru að reyna að taka sér stöðu á réttan hátt skal ekki refsast þeim fyrir það.
- 4) Leika skal boltanum með kylfunni. Boltanum skal leikið hreint, en ekki skal draga boltann, lyfta honum upp eða setja hann ofan á kylfuna.
- 5) Leikmaður sem tekur fríslag má ekki snerta boltann aftur fyrr en annar leikmaður, eða búnaður annars leikmanns hefur snert hann.
- 6) Skora má beint úr fríslagi.

507 Brot sem leiða til fríslags

- 1) Þegar leikmaður slær, blokkerar, lyftir, sparkar eða heldur í andstæðing eða kylfu andstæðings. (901, 902, 903, 910, 912)
Álíti dómari leikmanninn hafa leikið knettinum áður en hann rakst í kylfu andstæðingsins skal ekkert dæmt.
- 2) Þegar útileikmaður lyftir kylfublaðinu yfir mittishæð í baksveiflunni áður en hann slær knöttinn, eða í framsveiflunni eftir að hann hefur slegið boltann. (904)
Þar með talin eru gabbskot, eða sveiflur. Leikmenn mega aðeins taka háa framsveiflu ef enginn annar leikmaður er það nálægt að meiðsli gætu hlotist af. Mittishæð telst sú hæð frá gólfi upp að mitti þegar leikmaður stendur uppréttur.
- 3) Þegar útileikmaður notar einhvern hluta kylfu eða fótar til að leika, eða gera tilraun til að leika knettinum fyrir ofan hnéhæð. (904 913)
Að stöðva knöttinn með lærinu telst ekki að leika knettinum með fæti ofan hnéhæðar, nema það sé álitio hættulegt. Hnéhæð telst sú hæð frá gólfi upp að hné leikmanns þegar hann stendur uppréttur.

5 FÖST LEIKATRIÐI

507 Brot sem leiða til fríslags (framhald)

- 4) Þegar útileikmaður setur kylfu sína, fótlegg eða fót á milli fóta eða fótleggja andstæðings. (905)
- 5) Þegar leikmaður sem hefur stjórn á knettinum, eða sem er að reyna að ná knettinum pressar eða ýtir andstæðingi á annan hátt heldur en öxl í öxl. (907)
- 6) Þegar leikmaður sem hefur stjórn á boltanum, eða sem er að reyna að ná boltanum, eða sem er að reyna að ná betri stöðu, færir sig afturábak og fer inn í andstæðing, eða kemur í veg fyrir að andstæðingur komist í þá átt sem hann ætlar sér. (908, 911)
Þar með talið þegar sóknarliðið kemur í veg fyrir eða truflar uppstillingu varnarveggs þegar fríslag hefur verið dæmt innan við 3,5 m markmannssvæðið.
- 7) Þegar útileikmaður sparkar tvisvar í boltann án þess að kylfa, annar leikmaður eða búnaður annars leikmanns snerti hann í millitíðinni. (912)
Þetta skal aðeins álitíð brot af leikmanninum ef dómara telja að leikmaður hafi sparkað viljandi í boltann í bæði skiptin.
- 8) Þegar leikmaður tekur á móti sendingu frá öðrum útileikmanni í sínu liði sem hefur verið send með fæti. (912)
Þetta skal aðeins álitíð brot ef dómara telja að leikmaður hafi gert þetta viljandi. Leyfilegt er að taka á móti sendingu frá fæti samherja ef andstæðingur sleppir að ná boltanum þrátt fyrir að hafa möguleika til þess að ná honum. Sending með fæti á markmann er ekki álitíð marktækifæri og því skal aldrei dæma víti í slíkum aðstæðum.
- 9) Þegar útileikmaður er inni í markmannssvæði. (914)
*Útileikmaður má fara inná markmannssvæði ef dómara álití sem svo að það hafi ekki áhrif á leik og það hindri ekki aðgerðir markmanns. Ef fríslag mótherja fer beint að marki og leikmaður varnarliðsins er inni í markmannssvæðinu, inni í markinu, eða ef markið hefur færst til inni í svæðinu þar sem markið á að standa skal alltaf dæma vítaskot.
Álitíð er að útileikmaður sé inni í markmannssvæðinu snerti einhver hluti líkama hans gólfið inni í markmannssvæðinu. Sé aðeins kylfa útileikmanns inni í markmannssvæðinu, er hann sjálfur ekki álitinn inni í markmannssvæðinu. Línurnar tilheyra markmannssvæðinu.*
- 10) Þegar útileikmaður færir mark andstæðinganna viljandi. (914)
- 11) Þegar útileikmaður truflar á óvirkan hátt útkast markmannsins. (915)
Þetta skal einungis vera dæmt brot ef útileikmaður er inni markteig eða nær markmanninum en 3 m, sem mælist frá þeim stað þar sem markmaður nær stjórn á boltanum. Óvirkan hátt merkir óvart eða með því að færa sig ekki (standa kyrr).
- 12) Þegar útileikmaður stekkur upp og stöðvar boltann. (916)
Það er álitíð stökk þegar báðir fætur leikmanns eru í loftinu. Hlaup eru ekki álitin stökk. Leikmanni er heimilt að stökkva yfir boltann ef hann snertir hann ekki.

5 FÖST LEIKATRIÐI

507 Atvik sem leiða til fríslags (framhald)

- 13) Þegar útileikmaður leikur knettinum frá stað utan vallar. (ekkert merki sýnt)
Utan vallar merkir að hafa annan eða báða fætur utan vallarins. Leiki leikmaður knettinum utan vallar meðan á skiptingu varamanna stendur, skal það álitíð brot á því að hafa of marga leikmenn á vellinum. Leiki útileikmaður sem ekki er að fara að skipta inná, boltanum frá varamannasvæði er það álitin eyðilegging á leik. Það er leyfilegt að hlaupa út fyrir (fyrir utan) völlinn en ekki leika boltanum utan vallar.
- 14) Þegar markvörður fer algjörlega út fyrir markteig meðan hann kastar út. (917)
*Í þessu tilviki er markvörður ekki álitinn útileikmaður. Markmaður er álitinn hafa yfirgefið markteig ef enginn hluti líkama snertir gólfíð innan markteigs. Markmaður hefur kastað út þegar hann hefur algjörlega sleppt boltanum og ef hann yfirgefur markteiginn eftir það, er ekkert dæmt. Þessi regla á einnig við ef markmaður tekur boltann með höndum innan markteigs og líkami hans rennur út fyrir markteiginn.
Línurnar tilheyra markteignum.*
- 15) Þegar markvörður kastar eða sparkar boltanum yfir miðlínu. (917)
Þetta skal aðeins álitíð brot ef boltinn snertir ekki gólfíð, battann, annan leikmann, eða búnað annars leikmanns áður en hann fer yfir miðlínu. Boltinn þarf allur að fara yfir miðlínu.
- 16) Þegar einvígi, innslag eða fríslag er rangt tekið eða tafið er viljandi fyrir því að það sé tekið. (918)
Þar með talið þegar liðið sem brotið er á tekur knöttinn í burtu þegar leikur er stöðvaður, þegar knötturinn er dreginn, honum lyft upp, eða lyft á kyffuna. Séu innslög eða fríslög tekin á röngum stað eða þegar knötturinn er ekki alveg kyrrstæður, má endurtaka þau. Knötturinn má vera á hreyfingu eða ekki á nákvæmlega réttum stað telji dómara það ekki hafa áhrif á leikinn.
- 17) Þegar markvörður hefur stjórn á knettinum í meira en 3 sekúndur. (924)
Setji markvörður boltann niður og tekur hann aftur upp telst hann hafa haft stjórn á knettinum allan tímann.
- 18) Þegar markvörður fær sendingu frá útileikmanni í sama liði. (924)
Þetta skal álitíð brot aðeins ef dómara telja að sendingin hafi verið viljandi. Að fá sendingu telst þegar markvörðurinn snertir knöttinn með höndum, handleggjum, eða jafnvel þegar markvörður hefur stöðvað knöttinn með einhverjum öðrum líkamshluta. Markvörður má aðeins fá sendingu frá útileikmanni í sama liði ef hann er staddur algjörlega fyrir utan markteiginn þegar hann fær sendingu og þá telst hann vera útileikmaður. Sé markvörður fyrir utan markteig þegar hann stöðvar knöttinn, fer með knöttinn inní markteig og tekur hann þar upp, er það ekki álitin sending á markvörð. Sending á markvörð er ekki álitíð marktækifæri og getur því aldrei endað í vítaskoti.

5 FÖST LEIKATRIÐI

507 Brot sem leiða til fríslags (framhald)

- 19) Þegar refsing er dæmd fyrir brot tengt leik. (merki gefið um brot)
- 20) Þegar leikmaður tefur leik. (924)
Þar með talið þegar útileikmaður er að reyna að græða tíma og staðsetur sig á vellinum eða í markinu þannig að andstæðingurinn hefur ekki möguleika á að ná boltanum á löglegan hátt. Leikmaður skal fá viðvörðun áður en dæmt er, sé það mögulegt.

508 Vítaskot (806)

- 1) Sé brotið á leikmanni þannig að það leiði til vítaskots, skal liðið sem brotið var á fá dæmt vítaskot.
Sé vítaskot dæmt meðan á seinkaðri refsingur stendur, eða brotið leiði til refsingar, skulu reglurnar er varða refsingar í tengslum við vítaskot einnig hafa áhrif.
- 2) Vítaskotið skal tekið frá miðpunkti vallarins.
- 3) Allir leikmenn nema sá sem tekur vítaskotið og markmaður varnarliðsins eiga að vera á skiptisvæðum sínum allan tímann meðan á vítaskotinu stendur. Markmaðurinn skal vera á marklínunni þegar vítaskotið hefst.
Útileikmaður má ekki taka stöðu markmanns. Brjóti markmaður af sér meðan á vítaskotinu stendur, skal dæma nýtt vítaskot og refsingar teknar út. Brjóti annar leikmaður af sér í liðinu en sá sem fékk dæmt á sig vítaskotið, skal annað vítaskot dæmt og brotið álitíð sem eyðilegging á leik.
- 4) Leikmaðurinn sem tekur vítaskotið má leika knettinum eins oft og hann vill, en knötturinn þarf að færast fram á við allan tímann. Um leið og markmaður hefur snert knöttinn má leikmaðurinn sem tók vítaskotið ekki snerta hann aftur á meðan vítaskotinu stendur.
Stöðva skal leiktímann á meðan vítaskotið fer fram. Færast fram á við merkir að boltinn skuli fjarlægast miðlínu. Snerti knötturinn markið að utan, síðan markmanninn og fer svo yfir marklínu að framanverðu skal dæma mark. Dragist boltinn aftur á bak í byrjun vítaskots skal stöðva leik og endurtaka vítaskotið.
- 5) Sé dæmd 2 mínútna brottvísun í tengslum við vítaskot, skal einungis skrá það á leikskýrslu sé ekki skorað úr vítaskotinu.
Leikmaður sem tekur út refsingu skal vera á refsibekk á meðan vítaskotið er tekið.

5 FÖST LEIKATRIÐI

509 Seinkað vítaskot (807)

- 1) Seinkað vítaskot skal notað þegar liðið sem brotið var á hefur enn stjórn á boltanum eftir brotið sem leiddi til vítaskotsins og sóknarbylgja er enn í gangi.
Sé seinkað vítaskot dæmt meðan á seinkaðri refsingu stendur eða brot veldur því að dæmd er refsing skulu reglur er varða refsingar í tengslum við vítaskot eiga við um það. Seinkað vítaskot gæti verið þannig að það leiði til refsingar jafnvel þótt hið seinkaða vítaskot sé enn í gangi.
- 2) Seinkað vítaskot gefur til kynna að liðið sem brotið var á fær tækifæri til að klára sóknarbylgju sína þar til marktækifæri þeirra líkur.
Seinkað vítaskot skal taka þrátt fyrir að leikhloti eða leikur endi. Skori liðið sem brotið var á réttilegt mark meðan á seinkuðu vítaskoti stendur skal markið standa og hinu seinkaða vítaskoti skal aflýst.

510 Brot sem leiða til vítaskots

- 1) Þegar leikmaður úr varnarliði brýtur þannig af sér að marktækifæri er truflað, eða marktækifæri stolið af honum með broti sem venjulega leiðir til fríslags eða refsingar. (merki gefið um brot)
Dómarar ákveða hvað er álitíð marktækifæri. Brot í markteig leiða ekki sjálfkrafa til vítaskots. Alltaf skal dæmt vítaskot þegar varnarliðið færir markið viljandi eða leikur viljandi með of marga leikmenn á vellinum meðan á marktækifæri sóknarliðsins stendur. Alltaf skal dæmt vítaskot þegar fríslagi sóknarliðs er slegið beint að marki og útileikmaður varnarliðsins er innan markmannssvæðis, í markinu, markið hefur verið fært, eða hann stendur þar sem markið er venjulega staðsett.

6 REFSING

601 Almennar reglur fyrir refsingu

- 1) Þegar brot er dæmt sem leiðir til refsingar, skal alltaf refsa þeim sem framdi brotið.
Fyrirlíði skal tilnefna leikmann til að refsa, öðrum en þeim sem verið er að refsa þá stundina fyrir brot ef dómarrar geta ekki sagt til um hver framdi brotið, eða fyrir brot sem satrfsmenn fremja. Neiti fyrirlíði að velja leikmann til að taka út refsingu, eða sé hann sjálfur að taka út refsingu skulu dómarrar velja leikmann til að taka út refsinguna.
Merkja skal allar refsingar í leikskýrslu ásamt tíma, númeri leikmanns, hvers konar refsing var dæmd og hvers vegna. Valdi sóknarmaður broti þegar bolti er í leik, skal hitt liðið fá fríslag. Sé refsing dæmd á brot þegar bolti varekki í leik, skal hefja leik að nýju með einvígi. Sé refsingin dæmd vegna brots meðan tími er stöðvaður, skal halda leik áfram frá því sem frá var horfið þegar leiktími var stöðvaður. Fyrirlíði sem tekur út refsingu missir rétt sinn til þess að ræða við dómara, nema dómarrar óski eftir viðræðum við hann.
- 2) Leikmaður sem verið er að refsa skal vera á refsibekknunum allan tímann meðan á refsingunni stendur.
Allar refsingar enda þegar leikurinn endar. Leikmaður sem tekur út refsingu sína meðan venjulegur leiktími rennur út skal taka út restina af henni í framlengingu. Leikmaður sem tekur út refsingu skal vera sömu megin miðlínu og lið hans, með þeirri undantekningu þegar ritari og refsibekkir eru staðsettir sömu megin vallar og skiptisvæði. Meðan á venjulegum leiktíma stendur má leikmaður sem tekur út refsingu yfirgefa refsibekk í leikhléi milli leikhluta. Leikmaðurinn má ekki yfirgefa refsibekkinn í leikhléi milli þess sem venjulegur leiktími endar og framlenging hefst. Leikmaður sem tekur út refsingu má ekki taka þátt í leikhléi (sem liðið ákveður að taka, ekki er verið að meina leikhlé milli leikhluta). Leikmaður skal yfirgefa refsibekkinn um leið og refsitíma hans lýkur, nema fjöldi refsinga á hans lið geri það ógerlegt, eða að refsingin var persónleg refsing á þann leikmann. Markmaður má ekki yfirgefa refsibekk fyrr en leikur stöðvast næst, eftir að hann tekur út refsingu.
Sé leikmaður sem tekur út refsingu meiddur má annar útileikmaður taka út refsingu í hans stað, svo lengi sem sá leikmaður sé ekki líka að taka út refsingu. Skrá skal báða leikmenn á leikskýrslu og númer leikmannsins sem tók út refsinguna skal vera í sviga. Komi meiddi leikmaðurinn inná völlinn áður en refsingu hans lýkur, skal hann dæmdur í brottvikningu 1.
Sé ritari ábyrgur fyrir því að leikmaður fari of snemma aftur inná eftir að hann tekur út refsingu og tekið er eftir því meðan á refsitíma stendur, skal leikmaðurinn fara aftur á refsibekkinn. Ekki skal bæta við refsitímamann og leikmaðurinn má koma inná völlinn að nýju þegar upphaflega refsitímanum lauk.
- 3) Brjótí markmaður af sér þannig að hann hljóti eina eða fleiri 2 mínútna brottvísanir, skal fyrirlíði velja útileikmann sem ekki tekur út refsingu á þeim tímapunkti að taka út refsingu markmannsins.
Markmaður sem hlýtur 5 mínútna brottvísun eða persónulega refsingu skal taka út refsinguna sjálfur.
Brjótí markmaður af sér þannig að dæmd sé á hann ein eða fleiri 2 mínútna brottvísanir á meðan hann er að taka út refsingar í tengingu við 5 mínútna brottvísun, skal hann taka þessar refsingar út sjálfur.
Sé markmaður að taka út refsingar og varamarkmaður er ekki til staðar þá hefur liðið hámark 3 mínútur til að útbúa útileikmann á lögmeðtan hátt, og má ekki nota neitt af þeim tíma til upphitunar. Skrá skal nýja markmanninn á leikskýrsluna ásamt tímanum sem skiptingin fór fram. Þegar tíminn á refsingunni rennur út má markmaður fara inná, en aðeins þegar leiktíminn er stöðvaður næst. Vegna þessa skal fyrirlíðinn velja útileikmann til að sitja með markmanninum á refsibekknunum. Hann má koma inná um leið og refsingunni lýkur. Dómarrar og ritari í sameiningu hjálpa markmanni að yfirgefa refsibekkinn sé refsingu hans lokið og leiktími hefur verið stöðvaður.
- 4) Refsitími skal samstilltur leiktíma.

6 REFSINGAR

602 Brottvísanir

- 1) Brottvísun skal hafa áhrif á liðið og þess vegna má enginn koma inn á völlinn í stað leikmannsins sem er refsað á meðan refsingunni stendur.
- 2) Ekki má taka út meira en eina brottvísun á hvern leikmann í einu og ekki mega meira en tveir leikmenn í sama liði taka út brottvísanir í einu.
Allar brottvísanir skal taka út í þeirri röð sem þær gerast. Sé leikmaður dæmdur í brottvísun en getur ekki tekið hana út strax skal hann setjast á refsibekkinn frá því refsingin er dæmd. Séu tveir leikmenn dæmdir í refsingu í einu í sama liðinu og liðið hefur þá þegar einn á refsibekknunum skal fyrirliðinn ákveða hvor nýju refsinganna skal tekin út fyrst. Styttri brottvísanir skulu í þessum aðstæðum alltaf vera teknar út á undan þeirri lengri. Sé dæmd brottvísun á lið meðan á seinkaðri refsingu stendur, skal seinkaða refsingin sem gerðist fyrst tekin út fyrst.
- 3) Lið, þar sem fleiri en tveir leikmenn þurfa að taka út brottvísun samtímis, hefur samt rétt til að hafa fjóra leikmenn á vellinum.
Liðið skal leika með fjóra leikmenn á vellinum þar til aðeins ein brottvísun telst eftir. Renni tíminn á brottvísun út hjá leikmanni meðan fyrrgreint á sér stað skal hann bíða á refsibekknunum þar til leiktíminn er næst stöðvaður, eða gerist þetta fyrr, verða aðrar brottvísanir óvirkar þannig að liðið er aðeins að taka út eina brottvísun. Allir leikmenn liðs sem hlotið hafa brottvísun skulu yfirgefa refsibekkinn í þeirri röð sem refsingarnar renna út, en reglan um fjölda leikmanna á vellinum skal virt allan tímann. Dómaramanir og ritarinn skulu aðstoða leikmann sem hefur klárað að taka út sína refsingu við að yfirgefa refsibekkinn og koma inná um leið og leiktíminn stöðvast.
- 4) Brjótí leikmaður sem fengið hefur brottvísun enn frekar af sér þannig að það leiði til fleiri refsinga skal hann taka allar refsingarnar út í röð.
Þetta er óháð því hvort fyrsta refsingin hefur hafist eður ei. Sé leikmaður byrjaður að taka út brottvísun sína og sami leikmaður fær dæmda á sig aðra refsingu, skal það ekki hafa áhrif á mælingu á tíma fyrstu refsingarinnar, heldur frá þeim tíma sem nýja refsingin tók gildi. Í röð gefur til kynna um leið og fyrsta brottvísun leikmanns rennur út eða klárast, skal hefjast tímataka á því næsta, nema liðið hafi fengið dæmt á sig fleiri brottvísanir sem eru ekki teknar í gildi en gerðust á milli þess sem fyrsti leikmaðurinn fékk sínar tvær brottvísanir. Ekki eru takmarkanir á fjölda brottvísana hjá sama leikmanni. Hafi verið dæmd persónuleg refsing á leikmann, skulu allar hans brottvísanir teknar út fyrst áður en persónulega refsingin fer að telja. Sé leikmaður að taka út persónulega refsingu og fær á meðan dæmda á sig brottvísun, skal tímamæla restina af persónulegu refsingunni þannig að mælingin á henni er tímabundið stöðvuð og nýja brottvísunin mæld á undan. Um leið og brottvísunin hefur verið mæld skal restin af persónulegu refsingunni mælt. Fyrirliðinn skal velja útileikmann sem ekki er verið að refsa þá stundina til að taka út refsingu ásamt hinum sem er á refsibekknunum til að hann geti farið inná völlinn þegar brottvísuninni lýkur. Brjótí leikmaður sem verið að er að refsa þannig af sér að af hljótist brottvikning, skal reglum um slíka refsingu beitt að auki.

6 REFSINGAR

603 2 mínútna brottvísanir

- 1) Skori andstæðingar liðsins sem tekur út 2 mínútna brottvísun, endar brottvísunin, nema að andstæðingarnir séu einum færri á vellinum eða jafnmargir.
Refsingu skal ekki lokið ef markið er hvorki skorað í seinkaðri refsingu né úr vítaskoti sem varð til þess að refsingin var dæmd. Sé 2 mínútna brottvísun dæmd í tengslum við vítaskot eða seinkað vítaskot, skulu reglurnar um refsingar í tengslum við vítaskot einnig í gildi.
- 2) Hafi lið fengið dæmt á sig meira en eina 2 mínútna brottvísun, skulu þær enda (eyðast) í sömu röð og þær eru teknar út.

6 REFSINGAR

604 Seinkuð refsing

- 1) Allar tegundir brottvísana, þar með talin brottvikning, mega vera seinkaðar refsingar. Seinkuð refsing tekur gildi þegar liðið sem brotið var á hefur stjórn á boltanum eftir brot sem leiddi til refsingar. Aðeins má seinka einni refsingu í einu nema þegar marktækifæri er í gangi, en þá má annarri refsingu einnig vera seinkað.
Sé ein eða fleiri seinkaðar refsingar í gangi í tengslum við vítaskot eða seinkað vítaskot, skulu reglur um refsingar í tengslum við vítaskot einnig í gildi.

- 2) Seinkuð refsing gefur til kynna að liðið sem brotið var á fær möguleika til að halda áfram með sóknina þar til liðið sem braut af sér nær stjórn á boltanum eða þar til leikur er stöðvaður. (hagnaði er beitt)
*Meðan á seinkaðri refsingu stendur skal liðið sem brotið var á fá tækifæri til að skipta markmanni út fyrir útileikmann og halda sókninni áfram. Seinkuð refsing skal tekin út þrátt fyrir lok leikhlutans eða leiksins. Sé hin seinkaða refsing notuð af því að liðið sem braut af sér nær stjórn á boltanum skal hefja leik að nýju með einvígi.
Liðið sem brotið var á verður að nota seinkaða refsingu fyrir uppbyggilegan sóknarleik. Telji dómara liðið einungis vera að reyna að vinna sér inn tíma, skal dómari áminna leikmennina. Reyni liðið samt ekki að sækja, skal stöðva leik, hin seinkaða refsing skal tekin út og leikur hefst að nýju með einvígi. Sé hin seinkaða refsing tekin vegna einhverra annarra truflana skal leikur hefjast frá því sem frá var horfið áður en leikur stöðvaðist.
Skori liðið sem brotið var á löglegt mark meðan á seinkuðu refsingunni stendur, skal markið standa og hin seinkaða 2 mínútna brottvísun sem var síðast dæmd skal ekki tekin út. Þetta hefur engin áhrif á aðrar refsingar sem verið er að taka út.
Skori liðið sem braut af sér meðan á seinkaðri refsingu stendur, skal markið dæmt af og leik haldið áfram með einvígi. Skori liðið sem brotið var á sjálfsmark skal það standa.*

6 REFSINGAR

605 Brot sem leiða til 2 mínútna brottvísunar

- 1) Þegar leikmaður slær, blokkerar, lyftir, sparkar eða heldur andstæðingi eða kylfu andstæðings til að reyna að ná umtalsverðum hagnaði, eða þegar hann hefur engan möguleika á að ná boltanum. (901, 902, 903, 910, 912)
- 2) Þegar útileikmaður leikur boltanum ofan við mittishæð með annað hvort einhverjum hluta kylfu eða fæti. (904, 913)
Mittishæð telst sú hæð frá gólfi að mitti leikmanns þegar hann stendur uppréttur.
- 3) Þegar leikmaður gerist sekur um hættulegan leik með kylfunni. (904)
Þar með talin fram eða aftursveifla með kylfunni sem leikmaðurinn hefur ekki fulla stjórn á. Einnig þegar leikmaður lyftir kylfunni ofan við höfuð andstæðings og það telst hættulegt í það skiptið eða það truflar andstæðinginn.
- 4) Þegar leikmaður neyðir, eða ýtir andstæðingi upp að batta eða marki. (907)
- 5) Þegar leikmaður tæklar eða fellir andstæðing. (909)
- 6) Þegar fyrirlíði óskar eftir mælingu á sveigju og hinn mældi búnaður er löglegur. (ekkert merki um brot)
Fyrirlíðinn þarf að taka út refsinguna.
- 7) Þegar útileikmaður tekur þátt í leik án þess að hafa kylfu. (Ekkert merki um brot)
Þessi regla tekur ekki til markmanns, sem tímabundið leikur sem útileikmaður.
- 8) Þegar útileikmaður sækir kylfu annað en á sitt eigið skiptisvæði. (Ekkert merki um brot)
- 9) Þegar útileikmaður sleppir því að taka upp brotna kylfu sína, eða kylfu sem hann hefur misst, af vellinum og fara með hana á skiptisvæði síns liðs.
Leikmaður þarf aðeins að taka upp brot úr kylfunni sem sjást greinilega.
- 10) Þegar leikmaður færir sig til að viljandi hindra andstæðing sinn sem hefur ekki stjórn á knettinum. (911)
Sé leikmaður að reyna að komast í betri stöðu og bakkar inní andstæðing eða kemur í veg fyrir að andstæðingur geti farið í þá átt sem hann ætlaði sér, skal hann aðeins fá fríslag.
- 11) Þegar útileikmaður truflar eða er fyrir útkasti markmanns. (915)
Þetta skal einungis talið brot ef útileikmaðurinn er inní markteig eða nær markmanni en 3 m, mælt frá þeim stað sem markmaðurinn nær stjórn á boltanum. Með truflun er átt við að elta markmanninn til hliðar eða að reyna að ná boltanum með kylfunni.
- 12) Þegar leikmaður brýtur 3 m regluna í innslagi eða fríslagi. (915)
Sé innslagið eða fríslagið tekið á meðan andstæðingarnir eru að reyna að koma sér í rétta stöðu á ekki að dæma brot. Stíllí lið upp varnarvegg sem er of nálægt skal aðeins refsa einum leikmanni í varnarveggnum.
- 13) Þegar útileikmaður stöðvar eða leikur knettinum meðan hann er liggjandi eða sitjandi. (919)
Þar með talið ef leikmaður stöðvar, eða leikur bolta með bæði hné í gólfi, eða aðra hendi á gólfi, en þó er höndin sem heldur á kylfunni undanþegin.
- 14) Þegar útileikmaður stöðvar eða leikur knettinum með hendi, handlegg eða höfði. (920, 921)

6 REFSINGAR

605 Brot sem leiða til 2 mínútna brottvísunar (framhald)

- 15) Þegar ólögleg skipting á sér stað. (922)
Leikmaðurinn sem yfirgefur völlinn þarf að vera á leið yfir battann áður en nýi leikmaðurinn má fara inná. Sé erfitt að segja til um hvort skipting sé lögleg skal einungis dæmt ef skiptingin hefur áhrif á leik. Það er einnig talin ólögleg skipting þegar leikmaður skiptir utan við skiptisvæði síns liðs þegar leikur er stöðvaður. Leikmaðurinn sem kemur inná er sá sem refsað er fyrir brotið.
- 16) Þegar lið leikur með of marga leikmenn inná völlum. (922)
Aðeins skal refsa einum leikmanni.
- 17) Þegar leikmaður sem tekur út refsingu:
Fer af refsibekknunum, án þess að fara inná völlum áður en refsing hans rennur út.
Neitar að yfirgefa refsibekkin þegar refsing hans rennur út.
Fer inná völlum meðan leikur er stöðvaður, áður en refsing hans rennur út. (925)
*Ritari skal láta dómara vita af slíku eins fljótt og auðið er. Leikmaður sem hefur lokið við að taka út refsingu sína skal ekki yfirgefa refsibekkin ef fjöldi refsinga fyrir hans lið gerir það ógerlegt eða þegar hann tekur út persónulega refsingu. Þegar refsing markmanns rennur út skal hann bíða eftir því að leikur stöðvist næst til þess að fara inná völlum.
Fari leikmaður sem tekur út refsingu inná völlum meðan á refsingu hans stendur, er litið á það sem eyðileggingu á leik.*
- 18) Þegar leikmaður brýtur endurtekið af sér brotum sem leiða til fríslags. (923)
Þar með talin styttri og lengri tímabil.
- 19) Þegar lið truflar leik skipulega með því að brjóta endurtekið af sér brotum sem leiða til fríslags. (923)
Þar með er einnig talið þegar lið brýtur af sér lítilvægari brotum yfir stuttan tíma. Leikmaðurinn sem braut síðast af sér skal taka út refsingu.
- 20) Þegar leikmaður tefur leik viljandi. (924)
Þar með talið þegar leikmaður liðsins sem braut af sér slær eða tekur boltann í burtu þegar leikur er stöðvaður, þegar leikmaður blokkar viljandi boltann við battann eða markið eða skemmir boltann viljandi.
- 21) Þegar lið tefur leik á skipulagðan hátt. (924)
Telji dómara lið nálægt því að fá refsingu fyrir að tefja, skal fyrirliðinn ef mögulegt er, látinn vita áður en dæmt er. Fyrirliðinn skal velja útileikmann sem ekki tekur út refsingu á þeim tímapunkti til að taka út refsingu fyrir liðið.
- 22) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs mótmælir ákvörðun dómara, eða þegar þjálfari truflar með þjálfun sinni eða á annan ólöglegan hátt. (925)
*Þar með talið þegar fyrirliðinn mótmælir siendurtekið að ástæðulausu ákvörðunum dómara. Mótmæli gegn ákvörðunum dómara og hróp þjálfara sem trufla eru álitin ósjálfráð og talin minni háttar brot miðað við óíþróttamannslega framkomu.
Þetta á einnig við ef starfsmaður liðs fer inná völlum án leyfis dómara. Dómarar skulu ef mögulegt er láta starfsfólk liðs vita áður en dæmt er.*
- 23) Þegar markmaður, þrátt fyrir viðvaranir dómara, sleppir því að setja mark aftur á réttan stað. (925)
Það er á ábyrgð markmanns að færa markið aftur á réttan stað ef það færast um leið og mögulegt er.
- 24) Þegar leikmaður, þrátt fyrir tiltal dómara sleppir því að laga sinn persónlega útbúnað. (ekkert merki um brot)

6 REFSINGAR

605 Brot sem leiða til 2 mínútna brottvísunar (framhald)

- 25) Þegar leikmaður notar ólöglegan klæðnað (ekkert merki um brot).
Þar með talið þegar hluta úr fatnaði vantar og einnig ef fyrirliðabandið vantar. Aðeins skal dæma einu sinni refsingu á hvort lið vegna ólöglegs klæðnaðar. Öll önnur tilvik um rangan útbúnað skal tilkynna til Bandýnefndar ÍSí.
- 26) Þegar markmaður sem fyllir ekki kröfur um búnað tekur þátt í leik. (ekkert merki um brot)
Ef markmaður missir andslitsgrímu sína óvart skal stöðva leik og hefja svo að nýju með einvígi.
- 27) Þegar leikmaður sem ber númer sitt á ólöglega tekur þátt í leiknum. (ekkert merki um brot)
Leikskýrslan skal vera leiðrétt. Aðeins skal dæma einu sinni refsingu á hvort lið vegna ólöglegs númeramerkingar. Öll önnur tilvik um ofangreint skal tilkynna til Bandýnefnd ÍSí.

606 5 mínútna brottvísun

- 1) Þrátt fyrir að andstæðingar þess liðs sem tekur út 5 mínútna brottvísun skori skal refsingunni ekki ljúka.
Sé refsingunni beitt í tengslum við vítaskot eða seinkað vítaskot skal einnig beita reglunni um refsingar í tengslum við vítaskot.

6 REFSINGAR

607 Brot sem leiða til 5 mínútna brottvísunar

- 1) Þegar útileikmaður slær kylfu sinni á ofbeldisfullan, eða hættulegan hátt. (901)
Þar með talið þegar útileikmaður lyftir kylfu sinni upp fyrir höfuð andstæðings og þegar andstæðingur er sleginn.
- 2) Þegar útileikmaður notar kylfu sína til að krækja í líkama andstæðings síns. (906)
- 3) Þegar leikmaður kastar kylfu sinni eða öðrum búnaði á vellinum til þess að hitta í boltann, eða í tilraun til þess að hitta boltann. (909)
- 4) Þegar leikmaður kastar sér í átt að andstæðingnum eða ræðst á andstæðing á annan ofbeldisfullan hátt. (909)
- 5) Þegar leikmaður tæklar, kastar, eða fellir andstæðing uppvið batta eða mark. (909)
- 6) Þegar leikmaður brýtur endurtekið af sér og fær í kjölfarið 2 mínútna brottvísanir. (923)
5 mínútna brottvísunin kemur í staðinn fyrir síðastu 2 mínútna brottvísunina. Brotin skulu vera svipuð, eða lík hvert öðru.

608 Persónuleg refsing

- 1) Persónulega refsingu má aðeins dæma í tengslum við brottvísun og skal ekki taka gildi fyrir en brottvísun rennur út. Ótarkmaður fjöldi persónulegra refsinga má dæma á sama tíma.
Fái leikmaður sem er að taka út persónulega refsingu dæmda á sig brottvísun skal bíða með að tímamæla restina af persónulegu refsingunni þar til brottvísunin hefur runnið út. Fyrirliðinn skal velja útileikmann sem ekki tekur út refsingu á þeim tímapunkti til að setjast með hinum á refsibekkinn svo hann geti farið inn á völlinn um leið og brottvísunin er lokið.
- 2) Persónulega refsingin má einungis hafa áhrif á leikmanninn og þess vegna má annar leikmaður koma inná fyrir hann meðan á refsingunni stendur.
Fyrirliðinn skal velja útileikmann sem ekki tekur út refsingu á þeim tímapunkti til að setjast með hinum á refsibekkinn svo hann geti farið inn á völlinn um leið og brottvísuninni lýkur. Þegar persónulega refsingin rennur út má leikmaðurinn ekki fara inná völlinn fyrir en leikur er næst stöðvaður. Dómarar skulu ásamt ritara aðstoða leikmann sem hefur lokið við að taka út persónulega refsingu við að yfirgefa refsibekkinn um leið og leikur stöðvast næst. Sé dæmd persónuleg refsing á starfsmann liðs skal hann sendur í áhorfendastúku þar sem hann þarf að vera til enda leiksins og fyrirliðinn skal velja útileikmann sem á þeim tímapunkti er ekki að taka út refsingu til að taka út brottvísun fyrir hann.

609 10 mínútna persónuleg refsing

- 1) Þrátt fyrir að andstæðingar þess liðs sem tekur út 10 mínútna refsingu skori skal refsingunni ekki ljúka.

6 REFSINGAR

610 Brot sem leiða til 2 mínútna brottvísana + 10 mínútna persónulegra refsinga.

- 1) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs sýnir óíþróttamannslega hegðun. (925)
*Óíþróttamannsleg hegðun felur í sér: Móðgandi eða ósanngjörn framkoma í garð dómara, leikmanna starfsmenn liðs, eftirlitsmanna, áhorfendur eða aðgerð sem er til þess eins ætluð að blekkja dómara. Viljandi spörk eða ýtingar í batta eða mörk.
Þegar leikmenn kasta kylfunni, eða öðrum útbúnaði, jafnvel meðan leikur er stöðvaður eða á skiptisvæði.*

611 Brottvikning

- 1) Leikmaður eða starfsmaður liðs sem fær dæmda á sig brottvikningu skal samstundis fara í búningsherbergi og má ekki taka frekari þátt í leiknum.
*Liðið sem hefur umsjón með leiknum ber ábyrgð á því að brotaaðili fari beint í búningsherbergi, en ekki á áhorfendabekki eða inná völlinn það sem eftir lifir leiks, hugsanlega framlengingu og vítaskot meðtalin. Allar brottvikningar skulu tilkynntar.
Brot sem framin eru fyrir eða eftir leik, sem vanalega leiða til brottvikningar skulu tilkynnt, en liðið skal ekki taka út brottvísun fyrir það. Undantekning á þessu er ef um ólöglegan útbúnað er að ræða (sem umræddur leikmaður skal lagfæra og svo hefja leik), brot sem leiða til brottvikningar áður en leikur hefst skal einnig leiða til þess að þeim sem braut af sér fær ekki þátttökurétt í leiknum, hugsanlegri framlengingu né vítaskotskeppni.*
- 2) 5 mínútna brottvísun skal alltaf koma í kjölfar brottvikningar.
Fyrirliðinn skal velja útileikmann sem á þeim tímapunkti er ekki að taka út refsingu til að taka út brottvísunina, og hugsanlega aðrar brottvísanir sem sá leikmaður eða starfsmaður sem fékk dæmda á sig brottvikninguna. Eyða skal hugsanlegum persónulegum refsingum sem snúa að leikmanninum sem fékk dæmda á sig brottvikninguna.

612 Brottvikning 1

- 1) Brottvikning 1 skal leiða til útilokunar frá frekari þátttöku í leiknum en skal ekki leiða til frekari refsingar fyrir leikmanninn.

613 Brot sem leiða til brottvikningar 1

- 1) Þegar leikmaður notar óviðurkennda kylfu eða kylfu með of breiðri sveigju. Þegar markmaður notar óviðurkennda andlitsgrímu. (ekkert merki um brot)
- 2) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs sem ekki er skráður á leikskýrslu tekur þátt í leiknum. (ekkert merki um brot)
- 3) Þegar leikmaður tekur þátt í leik meðan á refsitíma hans stendur, þar sem annar leikmaður situr á refsibekk í hans stað. (ekkert merki um brot)
- 4) Þegar leikmaður gerir sig sekann um síendurtekna óíþróttamannslega hegðun. (925)
Brottvikningin kemur í stað annarrar 2 mínútna brottvísunar + 10 mínútna persónulegu refsingarinnar, en í kjölfarið skal fylgja 5 mínútna brottvísun. Síendurtekið gefur til kynna brot í sömu röð og endurtekið tvisvar í sama leik.
- 5) Þegar leikmaður brýtur kylfu sína eða annan útbúnað í reiði. (925)
- 6) Þegar leikmaður gerir sig sekan um líkamsárás eða slæma hegðun. (909)
Þar með talin er hættuleg, ofbeldisfull eða óíþróttamannsleg brot sem teljast viljaverk eða framin uppúr þurru.

6 REFSINGAR

614 Brottvikning 2

- 1) Brottvikning 2 skal einnig leiða til útilokunar frá þátttöku í næsta leik liðsins í sömu keppni.

615 Brot sem leiða til brottvikningar 2

- 1) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs tekur þátt í áflogum. (909)
Áflog bendir til mildari mynd slagsmála, án kýlinga, eða sparka, þar sem leikmenn í áflogunum virða tilraunir annarra til að aðskilja þá.
- 2) Þegar leikmaður brýtur af sér og brotið leiðir til 5 mínútna brottvísunar í annað sinn í sama leiknum. (923)
Brottvikningin kemur í stað síðari 5 mínútna brottvísunarinnar, en í kjölfarið skal taka út 5 mínútna brottvísun.
- 3) Þegar starfsmaður liðs gerir sig sekan um síendurtekna óíþróttamannslega hegðun. (925)
Brottvikningin kemur í stað síðari 2 mínútna brottvísunarinnar + 10 mínútna persónulegrar refsingar, en í kjölfarið skal tekin út 5 mínútna brottvísun. Síendurtekið gefur til kynna endurtekið tvisvar í röð í sama leik.
- 4) Þegar leikmaður reynir að lagfæra búnað sem búið er að ákveða að mæla, áður en mælingin fer fram. (925)
- 5) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs brýtur af sér með þá skýru áætlun að eyðileggja leik. (925)
*Þar með talið þegar:
Leikmaður sem er að taka út refsingu fer viljandi inná völlinn meðan á leik stendur, áður en refsing hans rennur út, eða endar. Fari leikmaður inná völlinn meðan leikur er stöðvaður skal dæmd 2 mínútna brottvísun. Sé ritari ábyrgur fyrir því að leikmaður fari of snemma inná völlinn og tekið er eftir þessu meðan á refsitímanum stendur, skal leikmaðurinn setjast aftur á refsibekkinn og taka út restina af refsingunni. Ekki skal bæta við refsitímann og leikmaðurinn skal fara inná völlinn þegar upphaflegi refsitíminn endar. Sé tekið eftir mistökunum eftir að refsitímanum lýkur skal ekkert gert. Renni refsitími út hjá leikmanni og hann fer inná völlinn þrátt fyrir að lið hans sé skipað réttum fjölda leikmanna sem þýðir að hann ætti að bíða eftir næstu stöðvun leiks, getur það verið álitid að leika með of marga leikmenn en það fer eftir aðstæðum.
Brot sem framin eru af hvoru liði sem er frá skiptisvæði meðan á vítaskotskeppni stendur.
Búnaði er kastað frá skiptisvæði meðan á leik stendur.
Leikmaður, sem ekki er á leið inná völlinn, tekur þátt í leiknum eða reynir að taka þátt í leiknum frá skiptisvæðinu.
Leikmaðuður tekur þátt í leiknum sem útileikmaður eftir að hafa tekið þátt í sama leik sem markmaður.
Lið hefur viljandi of marga leikmenn á vellinum.*

6 REFSINGAR

615 Brot sem leiða til brottvikningar 2 (framhald)

- 6) Þegar útileikmaður heldur áfram að nota gallaða kylfu eða notar notar styrkt eða lengt kylfuskaft. **(ekkert merki um brot)**

616 Brottvikning 3

- 1) Brottvikning 3 skal einnig leiða til útilokunar frá þátttöku í næsta leik liðsins í sömu keppni, og frekari refsingu sem ákvörðuð er af Bandýnefnd ÍSí.

617 Brot sem leiða til brottvikningar 3

- 1) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs tekur þátt í slagsmálum. **(909)**
Leikmaður er álitinn þátttakandi í slagsmálum þegar hann beitir kýlingum eða spörkum.
- 2) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs gerir sig sekan um gróft brot. **(909)**
Þar með talið að kasta kylfu eða öðrum búnaði í andstæðing.
- 3) Þegar leikmaður eða starfsmaður liðs gerir sig sekan um að nota grófan talsmáta (blóta gróflega). **(925)**
Grófur talsmáti felur í sér að móðga dómara, leikmenn, starfsmenn liðs, eftirlitsmenn eða áhorfendur gróflega.

618 Refsingar í tengslum við vítaskot

- 1) Sé skorað úr vítaskoti eftir brot getur það einungis haft áhrif á refsinguna sem olli brotinu sem leiddi til vítaskotsins.
Þetta á einnig við um seinkað vítaskot. Valdi brot sem leiðir til 2 mínútna brottvísunar vítaskotinu, skal hætt við refsinguna ef skorað er úr vítaskotinu, en allar aðrar refsingar gilda hvort sem skorað er eða ekki. Ef það gerist meðan á seinkuðu vítaskoti stendur að brotaliðið brýtur aftur af sér sem leiðir til vítaskots, skal síðara broti álitnið brotið sem varð valdur að vítaskotinu. Sé vítaskotið truflað vegna brots framið af markmanninum, skal brot markmannsins álitnið ástæðan fyrir hinu nýja vítaskoti.
- 2) Sé skorað úr vítaskoti sem dæmt var uppúr broti sem ekki leiddi til refsingar, hefur það ekki nein áhrif á aðrar refsingar sem liðið tekur út.

7 MÖRK

701 Lögleg mörk

- 1) Mark telst löglegt þegar það hefur verið löglega skorað og staðfest með einvígi á miðpunkti. Öll lögleg mörk skal skrá í leikskýrslu ásamt tímanum sem það var skorað á og númeri þess leikmanns sem skoraði og þess sem átti stoðsendingu. Leikmaður sem á stoðsendingu er álitinn sá leikmaður sem hefur bein áhrif á skorun marksins. Aðeins skal skrá eina stoðsendingu á hvert mark. Mark sem er skorað í framlengingu eða úr vítaskoti eftir að leiktíma lýkur skal ekki staðfest með einvígi, en skal álitð löglegt þegar báðir dómara hafa bent á miðjupunktinn og markið hefur verið skráð í leikskýrsluna.
- 2) Löglegt mark má ekki dæma af.
Séu dómara þess fullvissir að leyft mark hafi verið ólöglegt, skal það tilkynnt.

702 Löglega skoruð mörk

- 1) Þegar allur boltinn fer yfir marklínuna að framanverðu, eftir að hafa verið leikið rétt með kylfu útileikmanns og engin brot sem leiða til fríslags eða refsingar hafa verið framin af sóknarliðinu í tengslum við, eða strax fyrir markið.
Par með talið:
Þegar leikmaður í varnarliðinu hefur fært markið úr rétttri stöðu og boltinn fer yfir marklínuna að framanverðu milli merkinganna á vellinum fyrir stangirnar og neðan en ímynduð staða sláarinnar. Þegar sjálfsmark er skorað. Sjálfsmark er leyfilegt af kylfu eða líkama varnarmanns. Skori liðið sem brotið var á sjálfsmark meðan á seinkaðri refsingu stendur, skal markið standa. Sjálfsmark skal skrá sem SM.
- 2) Þegar allur boltinn fer yfir marklínuna að framanverðu eftir að leikmaður varnarliðs hefur stýrt boltanum með kylfu sinni eða líkama, eða leikmaður í sóknarliðinu hefur óvart stýrt boltanum með líkama sínum og ekkert brot sem leiðir til fríslags eða refsingar hefur verið framið af sóknarliðinu í tengslum við eða strax á undan markinu.
Mark skal ekki álitð löglega skorað ef útileikmaður sóknarliðsins sparkar viljandi í boltann rétt áður en honum er stýrt í markið. Hafi leikmaður skorað með ólöglegri kylfu og ekki er tekið eftir mistökunum fyrr en eftir að boltinn er kominn yfir marklínuna skal markið standa.
- 3) Þegar leikmaður sem ekki er skráður á leikskýrslu eða er númeraður á ólöglegan hátt tekur þátt í að skora mark.
Að taka þátt í felur í sér að skora eða eiga stoðsendingu.

703 Ólögleg mörk

- 1) Þegar leikmaður sóknarliðs hefur brotið af sér með broti sem leiðir til fríslags eða refsingar í tengslum við eða rétt áður en mark er skorað. (merki gefið um brot)
Með þessu er átt við þegar lið skorar þegar það hefur of marga leikmenn á vellinum eða leikmann á vellinum sem á að vera að taka út refsingu, eða þegar leikmaður í sóknarliðinu færir markið viljandi.

7 MÖRK

703 Ólögleg mörk (framhald)

- 2) Þegar leikmaður í sóknarliðinu stýrir boltanum viljandi með einhverjum líkamshluta í markið.
Þar sem þetta er ekki álitíð brot skal hefja leik að nýju með einvígi.
- 3) Þegar boltinn fer yfir marklínuna á meðan eða eftir að leikbjallan glymur.
Leikhluta eða leik er lokið um leið og heyrst í leikbjöllumni.
- 4) Þegar boltinn fer í markið án þess að fara yfir marklínu að framanverðu.
- 5) Þegar markmaður kastar eða sparkar boltanum inní mark andstæðinganna, á annars löglegan hátt.
Þar sem þetta telst ekki brot skal hefja leik að nýju með einvígi. Boltinn þarf að snert annan leikmann eða búnað annars leikmanns áður en hann fer í markið.
- 6) Þegar útileikmaður í sóknarliðinu sparkar boltanum viljandi og boltinn fer inní markið eftir að hafa viðkomu í öðrum leikmanni eða búnaði annars leikmanns.
Þar sem þetta er ekki álitíð brot skal hefja leik að nýju með einvígi.
- 7) Þegar liðið sem braut af sér skorar meðan á seinkaðri refsingu stendur.
Refsingin skal tekin út og leik skal hefja að nýju með einvígi.
- 8) Þegar boltinn fer beint af dómara og í markið.

8 BENDINGAR DÓMARA (– skýringar með myndum)

- 801 Leikur stöðvaður/Leikhlé
(*Fingrum haldið lóðrétt við lófa handar*)
- 802 Einvígi
(*Framhandleggjum haldið lóðrétt , lófar snúa niður*)
- 803 Innslag
(*Handlegg haldið lóðrétt í þá átt sem dæmt er, lófi snýr niður*)
- 804 Fríslag
(*Handlegg haldið lóðrétt í þá átt sem dæmt er, lófi snýr niður*)
- 805 Hagræðing, yfirburðir
(*Handlegg bent í þá átt sem dæmt er, lófi snýr upp*)
- 806 Vítaskot
- 807 Seinkuð refsing/seinkað vítaskot
(*handlegg haldið í lóðréttri stöðu, beint upp, lófi snýr fram*)
- 808 Brottvísun/Persónuleg refsing
(*handlegg haldið í lóðréttri stöðu, beint upp, fingurnir sýna fjölda mínútna, 10 mínútur með krepptum lófa*)
- 809 Brottvikning
(*handlegg haldið í lóðréttri stöðu, beint upp*)
- 810 Mark
(*handleggur bendir fyrst í átt marksins og svo að miðpunkti, lófi snýr niður*)
- 811 Leik haldið áfram/ólöglegt mark
(*handleggjum haldið út í láréttri stöðu, lófar snúa niður*)

9 BENDINGAR UM REFSINGAR

- 901 Ólöglegt slag
(*ein handahreyfing*)
- 902 Læsing á kylfu andstæðingsins
(*lófar handanna snúa niður*)
- 903 Kylfu andstæðingsins lyft upp
(*lófar handanna snúa niður*)

- 904 Kylfa of hátt uppi
(líkt eftir því að halda í kylfu)
- 905 Þegar kylfa, fótur eða fótleggur er settur á milli fótleggja andstæðings
- 906 Krækja
(framhandleggjum haldið lóðrétt fram og hermt er eftir að haldið sé á kylfu)
- 907 Leikmanni ýtt ólöglega
(má aðeins framvkæma með annarri hönd)
- 908 Bakkað inn í andstæðing
(hendur líkja eftir bollum, lófar handanna snúa upp, framhandleggir togaðir aftur)
- 909 Harkalegur leikur
(handarbökin snúa upp)
- 910 Leikmanni haldið
- 911 Leikmaður truflaður
- 912 Ólöglegt spark
(fæti snúið út frá ökkla)
- 913 Of hátt spark
(fæti snúið út frá hné)
- 914 Farið inná markmannssvæðið
- 915 Ólögleg fjarlægð
(framhandleggjum haldið út lóðrétt)
- 916 Ólöglegt stökk
(lófar snúa uppá við)
- 917 Ólöglegt útkast
(Framhandleggjum haldið lóðrétt, lófar snúa að hvorum öðrum)
- 918 Ólöglegt innslag/ólöglegt fríslag
(lófum haldið upp á við í þá átt sem upprunalega fríslagið var dæmt og svo færðir eins og sýnt er)
- 919 Bolta leikið liggjandi
(lófar snúa niður)
- 920 Hendur
(lófar handanna snúa upp)

- 921 Skalli
(lófar handanna settar á höfuð)
- 922 Ólögleg skipting
(framhandleggir færast í hringi)
- 923 Endurtekin brot
(þreföld handahreyfing)
- 924 Leiktöf
- 925 Vanræksla

VÖLLURINN (Teikning af vellinum)

Distance between goal posts- fjarlægð milli markstanga
Measurement refers to inner edge- mæling miðast við innri brún
Measurement refers to outer edge- mæling miðast við ytri brún

8 CONSEQUENCE SIGNS

804
Free-hit

*(the arm held horizontally
in the advantage direction
the palm of the hand downwards)*



805
Advantage

*(the arm held in the advantage direction,
the palm of the hand upwards)*



806
Penalty shot

8 CONSEQUENCE SIGNS

807
Delayed penalty/Delayed penalty shot

*(the arm held vertically,
the palm of the hand forwards)*



808
Bench penalty/Personal penalty

*(the arm held vertically, the number of
minutes shown with the fingers,
10 minutes with a clenched hand)*



809
Match penalty
(the arm held vertically)

8 CONSEQUENCE SIGNS

810
Goal

*(the arm in the direction of first the goal
and then the centre spot,
the palm of the hand downwards)*



811
Continus play/Incorrectly scored goal

*(the arms held horizontally,
the palms of the hands downwards)*

9 OFFENCE SIGNS

901
Incorrect hit
(One blow with the hand)



902
Locking an opponent's stick
(the palms of the hands downwards)

903
Lifting an opponent's stick
(the palms of the hands downwards)



9 OFFENCE SIGNS

904
High stick
(imitating the holding of a stick)



905
Placing stick, foot or leg between an
opponent's legs

906
Hooking
*(the forearms held horizontally, imitating
the holding of a stick)*



9 OFFENCE SIGNS

907
Incorrect pushing
(can be performed with only one hand)



908
Backing into an opponent
*(the hands cupped,
the palms of the hands upwards,
the forearms pulled backwards)*

909
Roughing
(the backs of the hands upwards)



9 OFFENCE SIGNS

910
Holding



911
Interference



912
Incorrect kick
*(the foot turned outwards,
on a level with the ankle)*

9 OFFENCE SIGNS

913
High kick
*(the foot turned outwards,
on a level with the knee)*



914
Entering the goalkeeper area



915
Incorrect distance
(the forearms held vertically)

9 OFFENCE SIGNS

916
Incorrect jump
(the palms of the hands upwards)



917
Incorrect throw-out
*(the forearms held horizontally,
the palms of the hands facing each other)*

918
Incorrect hit-in/Incorrect free-hit
*(the palm of the hand upwards,
in the direction of the original free-hit,
then moved as shown)*



9 OFFENCE SIGNS

919
Playing the ball lying down
(the palm of the hand downwards)



920
Hands
(the palm of the hand upwards)



921
Header
(the palm of the hand to the forehead)

9 OFFENCE SIGNS

922
Incorrect substitution
(the forearms rotating)



923
Repeated offences
(three blows with the hand)



924
Delaying play

9 OFFENCE SIGNS

925
Misconduct



